



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Föstudagur, 9. október, 2015

Ákvörðun nr. 27/2015

Kaup Nesnúps ehf. á öllu hlutafé í Varma og vélaverki ehf.

I. Málavextir og málsmeðferð

Með bréfi dags. 4. júní 2015 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um kaup Nesnúps ehf. (hér eftir Nesnúpur) á öllu hlutafé í Varma og vélaverki ehf. (hér eftir Vov) og fylgdi samrunaskrá erindinu. Þann 26. júní 2015 var samrunaaðilum tilkynnt að samrunaskrá sem borist hafði væri ekki í samræmi við ákvæði samkeppnislaga nr. 44/2005 með síðari breytingum og reglur nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum.

Þann 7. júlí 2015 barst svo fullnægjandi samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga og reglur nr. 684/2008 (svokölluð styttri samrunatilkynning). Ýmis gögn og upplýsingar liggja fyrir frá samrunaaðilum, auk þess sem Samkeppniseftirlitið hefur aflað upplýsinga með öðrum hætti. Að því marki sem Samkeppniseftirlitið telur upplýsingar þær sem eftirlitið býr yfir skipta máli fyrir niðurstöðu máls þessa verður þeirra getið hér.

II. Niðurstaða

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða það nái yferráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna. Samkeppniseftirlitið fellst á að í framangreindum viðskiptum felist samruni í skilningi samkeppnislaga. Hér á eftir verður samrunanum lýst nánar.

1. Samruninn og samrunaaðilar

Eigendur Nesnúps eru þrír einstaklingar. Stærsti hluthafinn fer með 80% hlut í félaginu og hinir tveir hluthafarnir fara hvort um sig með 10% hlut í félaginu. Nesnúpur á ekki önnur félög.

Nesnúpur er systurfélag VHE ehf. sem er í 80% eigu stærsta hluthafa Nesnúps auk þess sem fjórir aðrir einstaklingar eiga sem nemur 3-8% hluta í félaginu. VHE á fjölmörg dótturfélög, þ.e. VHE-Austur ehf., Garðaholt 7 ehf., Reyðará ehf., Pon ehf., Raf-X ehf., Stekk ehf., Grand Canal ehf., Á. B. Lyftingu ehf., HYM ehf., Verbúðina ehf., Fonsa ehf., Smíðagalleríið Stílform ehf. og Landvélar ehf. Landvélar eiga svo dótturfélögin Straumrás



ehf. og Málmiðjuna ehf. auk þess sem Landvélar eiga Fálkann ehf., en um þann samruna var fjallað í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 27/2014, *Samruni Landvéla ehf. og Fálkans hf.* Vísast til þeirrar ákvörðunar varðandi fyrrgreind félög og starfsemi þeirra.

Eigendur Vov eru tíu einstaklingar og fer hver um sig með 10% hlut í félaginu. Vov er ekki eigandi að öðrum félögum.

Í samrunaskrá segir að markmið kaupanna séu einna helst fjárfesting en ekki standi til að breyta starfsemi félaganna á neinn hátt enn sem komið er.

2. Markaðir málsins og staða viðkomandi fyrirtækja á þeim

Við mat á samruna skv. samkeppnislögum þarf að byrja á því að skilgreina þann markað eða þá markaði sem við eiga. Samkvæmt 4. gr. laganna er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Hagfræðileg rök leiða til þess að líta verður á viðkomandi markaði frá tveimur sjónarhornum, annars vegar vöru- eða þjónustumarkaðnum og hins vegar landfræðilega markaðnum.

Í kafla 7 við reglur Samkeppniseftirlitsins nr. 684/2008 um tilkynningu samruna segir m.a. svo:

„Með viðkomandi vörumarkaði er átt við markað fyrir vörur og/eða þjónustu sem neytendur líta á sem staðgönguvörur eða staðgönguþjónustu vegna eiginleika sinna, verðs og áformaðrar notkunar. Markaður er sölusvæði vöru og staðgönguvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgönguþjónustu, sbr. 4. gr. samkeppnislaga. Staðgönguvara og staðgönguþjónusta er vara eða þjónusta sem að fullu eða verulegu leyti geta komið í stað annarrar.

Meðal þátta, sem skipta máli við mat á viðkomandi markaði, er greining á því hvers vegna viðkomandi vara eða þjónusta tilheyrir þessum markaði og hvers vegna önnur vara eða þjónusta tilheyrir honum ekki samkvæmt framangreindri skilgreiningu og með hliðsjón af, meðal annars, hvort varan eða þjónustan nýtist sem staðgönguvara eða staðgönguþjónusta, samkeppnisstöðu, verði, verðsveiflum vegna eftirspurnar eða öðrum þáttum sem máli skipta við skilgreiningu á markaðnum.“

Til landfræðilegs markaðar telst það svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki eru viðriðin framboð og eftirspurn eftir viðkomandi vöru eða þjónustu, þar sem samkeppnisskilyrði eru nægilega lík og unnt er að greina frá nærliggjandi svæðum, einkum vegna þess að samkeppnisskilyrði eru greinilega frábrugðin á þeim svæðum.

Með vísan til niðurstöðu málsins er ekki er þörf á ítarlegri skilgreiningu á mörkuðum í þessu máli en fjallað skal stuttlega um samrunaaðila og þá markaði sem samrunaaðilar starfa á hér á eftir. Báðir samrunaaðilar bjóða upp á breitt vöru- og þjónustuúrval sem nær til landsins í heild en lítil sem engin skörun er í starfsemi þeirra. Samkvæmt upplýsingum frá samrunaaðilum er drifbúnaður eini vöruflokkur þeirra þar sem um verulega skörun er að ræða. Samkeppniseftirlitið telur nægilega nákvæmt að skilgreina landfræðilegan markað málsins Ísland.



Nesnúpur hefur þann tilgang, samkvæmt stofnsamningi að stunda byggingastarfsemi, verktakastarfsemi, kaup/sölu/rekstur véla, tækja og fasteigna, lánastarfsemi og skyldan rekstur. Í samrunaskrá er fjallað um Nesnúp sem hluta af „Landvélasamstæðunni“ sem samanstandur í heild af Nesnúpi, VHE, Landvélum, Fálkanum og dótturfélögum.

Landvélar og Fálkinn selja sínar vörur og þjónustu aðallega til fagaðila, en Fálkinn er einnig með verslun þar sem almenningur kemur einkum til að kaupa varahluti í bifreiðar.

Vov er heildverslun með „aðrar ótaldar vélar og tæki“ samkvæmt skráningu í fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra. Fyrirtækið selur tækjalausnir og tækjabúnað til fyrirtækja, svo sem orkufyrirtækja, sem og til sveitarfélaga. Í flestum vörflokkum fyrirtækisins eru, samkvæmt samrunaskrá, staðgönguvörur í boði jafnt frá erlendum sem innlendum aðilum. Vörflokkarnir eru ýmiss konar vélabúnaður, drifbúnaður, búnaður til að flytja vökva og annað fljótandi hráefni, þrýstiloft og varmaorku. Viðskiptavinir eru flestir í sjávarútvegi, iðnaði og stóriðju. Sveitarfélög þau sem eru viðskiptavinir Vov kaupa einkum búnað fyrir veitufyrirtæki sín, svo sem vatns-, hita- og fráveitur.

Vörur Vov, og lausnir þess, eru frekar umfangsmiklar og yfirleitt keyptar að vel ígrunduðu máli eða að undangengnu útboði. Viðskiptavinir Vov geta ævinlega nálgast staðgönguvörur og þjónustu frá samkeppnisaðilum héraðs og erlendis. Samkeppni er þannig mikil á þeim markaði sem Vov starfar á, að mati samrunaaðila.

Samkeppni virðist ríkja á öllum þeim vöru- og þjónustumörkuðum sem ofangreind fyrirtæki starfa á. Ítarlegra upplýsinga um markaðshlutdeild Nesnúps og Vov, keppinauta þeirra á einstökum vöru- og þjónustumörkuðum málsins eða annarra þeirra fyrirtækja sem fjallað var um hér á undan, var ekki aflað í máli þessu, enda þess ekki talin þörf að mati Samkeppniseftirlitsins.

3. Mat á samkeppnislegum áhrifum samrunans

Líkt og greint hefur verið frá starfa samrunaaðilar og tengd félög á nokkrum mörkuðum sem eru um margt tengdir. Fyrirtækin starfa til að mynda flest á sviði viðhalds og viðgerða, en þau veita þjónustu á breiðum skala, þ.e. allt frá því að selja t.d. varahluti í bifreiðar í smásölu til almennra neytenda til þess að bjóða upp á heildarlausnir í stærri verkefnum sem boðin eru út af sveitarfélögum.

Ekki eru vísbendingar í máli þessu um markaðsráðandi stöðu samrunaaðila á þeim mörkuðum sem þeir starfa á, enda staðgönguvörur víða fáanlegar sem og staðgönguþjónusta. Aðgangshindranir á umrædda markaði eru óverulegar.

Vöruframboð þeirra fyrirtækja sem fjallað hefur verið um í ákvörðun þessari sem og í fyrri ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 27/2014 er gífurlega fjölbreytt en samkvæmt upplýsingum frá samrunaaðilum er drifbúnaður eini vörflokkur þeirra þar sem um verulega skörun er að ræða. Í þeim vörflokki hefur Vov fremur sterka stöðu en önnur fyrirtæki sem hafa tengingu við samrunaaðila hafa þar lakari stöðu. Ljóst er þó að samrunaaðilar eru keppinautar í umræddum vörflokki.



Að öllu framangreindu virtu er það því niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að engar vísbendingar séu um að samruninn komi til með að hindra virka samkeppni. Af þeim sökum er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að grípa til íhlutunar vegna þessa samruna.

Ákvörðunarorð:

„Kaup Nesnúps ehf. á öllu hlutafé í Varma og vélaverki ehf. fela í sér samruna. Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til íhlutunar í máli þessu á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson